

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

6. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 14. desember 2015

kl. 18:00 á Park Inn, Hafnargötu 55.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Breytingar á gjaldskrá B.S.
 - Drög að nýrri uppfærði gjaldskrá B.S. kynnt. *Samþykkt.*
2. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

Jón fer yfir þau mál sem hafa verið í gangi hjá liðinu:

 - a) Stofnaður var starfshópur til að skoða og fara yfir nokkrar gerðir af reykköfunartækjum og hefur verið ákveðið að kaupa frá Landstjórnunni. Skrifað hefur verið undir samning við Landsstjórnuna um kaup á nýjum reykköfunartækjum af Drager gerð. Er hann til 3 ára og er reiknað með að endurnýja 20 tæki. Bárust 2 tilboð, Spiromatic, tæki frá Ólafi Gíslasyni /Eldvarnamiðstöðinni og svo Drager frá Landstjórnunni.
 - b) Jón fer yfir tíðni útkalla á sjúkraflutningum og frá Flugstöð L.E.
 - c) Jón fer yfir fjármál, sem eru samkvæmt áætlun.
3. Húsnæðismál.
 - Fjallað um húsnæðismál.
4. Önnur mál.
 - Friðjón leggur fram tillögu að stjórnarfundum á árinu 2016.
 - Stjórn samþykkir tillögu stjórnarformanns um ný launakjör yfirstjórnenda BS.
 - Stjórn vill þakka stjórnendum og starfsmönnum BS fyrir frábært starf og samstarf á árinu sem er að líða. Stjórn óskar öllum starfsmönnum gleðilegra Jóla og nýs árs með þökk fyrir það liðna.

Fundi slitið kl. 19:17